

Skoðanakönnun Vísis varðandi úrslit borgarstjórnarkosninganna:

Alþýðuflokkurinn hefur bætt við sig

● Hlutfall Sjálfstæðisflokks, Framsóknarflokks og Alþýðubandalags lægra en í síðustu borgarstjórnarkosningum

Vísir birtir í dag niðurstöður skoðanakönnunar, sem gerð var á vegum blaðsins í síðustu viku varðandi niðurstöður borgarstjórnarkosninganna, sem fram fara í Reykjavík um næstu helgi.

Samkvæmt könnuninni mun Alþýðuflokkurinn bæta við sig tals-

verðu fylgi frá síðustu borgarstjórnarkosningum, en svörin benda aftur á móti til þess, að atkvæðahlutfall Framsóknarflokksins, Sjálfstæðisflokksins og Alþýðubandalagsins verði lægra en í síðustu kosningum.

Þessar niðurstöður munu þó að líkindum breytast eitthvað, þegar kjósendur koma í kjörklefann, því að 12% þeirra kjósenda, sem rætt var við, höfðu

ekki gert upp hug sinn ennþá í síðustu viku og 11% þeirra vildi ekki láta í ljósi afstöðu sína.

Tveir þjóðfélagsfræðingar

skipulögðu könnunina og stjórnuðu framkvæmd hennar fyrir Vísi, en hún byggðist á rúmlega fjögur hundruð manna úrtaki úr kjörskrá Reykjavíkur. Var

ýmis hringt í fólkið eða það heimsótt.

Auk hlutfallstalna flokkanna sýnir könnunin fylgi flokkanna eftir aldri kjósenda og fylgi

eftir hverfum Reykjavíkurborgar. Niðurstöður skoðanakönnunar Vísis eru birtar á 10. og 11. síðu blaðsins í dag.

—ÖR

Verðlagið hér hefur breyst mest

— sagði listamaðurinn Erró í viðtali við Vísi í morgun, en hann er kominn hingað til lands vegna Listahátíðar

„Mér finnst lítið hafa breyst hér nema verðgildi peninganna“ sagði listamaðurinn Erró (Guðmundur Guðmundsson) er Vísi ræddi við hann í morgun. Hann kom hingað til lands í gær.

Erró sagði að nú væru 4 ár lífin frá því hann kom síðast til landsins. Hins vegar hefði hann ekki haldið sýningu hérlandis í 14 ár. En Erró er nú hingað kominn til að halda sýningu á verkum sínum á Kjarvalsstöðum. Hann kvaðst hafa verið önnum kafinn að undanförunu við að safna saman myndum sínum en sumir eigendurnir hefðu verið hálfhræddir við að senda þær sjóleiðis.

Erró sagðist hafa farið og skoðað Kjarvalshúsið í gærkveldi og sér lítist mjög vel á það. Þar er ætlunin að setja myndirnar upp eftir aldursröð og bjóst hann við að hefjast handa á morgun en myndirnar munu enn vera í tolli.

Erró sagðist ætla að dveljast hér á landi í um mánaðartíma og hygði á

ferð um hringveginn en með honum komu nokkrir kunningjar frá Frakklandi sem hann hefur hug á að sýna landið.

Listamaðurinn kvaðst vera ákaflega ánægður með það að vera kominn hingað og sagðist vera hrifinn af því hversu hreinleg borg Reykjavík væri orðin og einkum og sér í lagi væri hann ánægður með þá breytingu sem væri orðin á Miklatúni frá því hann kom síðast til landsins.

Er hann var inntur eftir framtíðaráformum sínum, sagði Erró að í nóvembermánuði ætlaði hann að vera með sýningu í Sviss en ætlaði síðan að taka sér fri frá sýningahaldi alla vega í tvö ár. Ekki ætlar hann sér þó að hætta að mála heldur fyrst og fremst að taka lífinu með meiri ró.



Guðmundur Guðmundsson, Erró, við komuna til Keflavíkurflugvallar. Eiginkona hans, Vilai er til vinstri á myndinni og Geirlaug Þorvaldsdóttir, fulltrúi Listahátíðar, til hægri. Vísismynd: Heiðar Baldursson.

Litprentað aukablað um Listahátíð fylgir Vísi í dag